

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.
2. Fyrir hver full 5% sem kaupgjald hækkar eða lækkar, hvort heldur sökum breytingar á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. febrúar 1973, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og viðaukum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið, enn fremur viðlagagjald skv. 8. gr. l. nr. 4/1973, nema á hitatöxtum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 139 7. júní 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 9. marz 1973

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 18.26 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- | | |
|----------------------------|------------|
| a. Fyrir mæla allt að ¾" | kr. 158.30 |
| b. Fyrir mæla allt að 1—2" | — 355.20 |
| c. Fyrir mæla allt að 3" | — 710.40 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Heimæðagjald				
Allt að 400	50 738.00 kr.				
400—2000	50 738.00	—	fyrir	400 m ³ +	40.60 kr./m ³ þar yfir
2000—6000	115 684.00	—	—	2000 — +	34.60 — — —
2000—10000	253 691.00	—	—	6000 — +	30.50 — — —
Meira en 10000	375 463.00	—	—	10000 — +	26.40 — — —

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 089.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með oliukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI**10. gr.**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskipamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 25.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 76 4. apríl 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 12. marz 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 85.

13. marz 1973.

REGLUGERÐ

**um innheimtu gjalds vegna kostnaðar við framkvæmd laga nr. 102
31. desember 1972 um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.**

1. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga nr. 102/1972 um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, þ. á m. þóknun og kostnaður vegna nefndar samkvæmt 2. gr. laganna, skal greiðast af fiskkaupendum og fiskseljendum að jöfnu. Skal greiða 1 eyri af hverju kg hráefnis, sem sem landað er til bræðslu á loðnuvertíð 1973, til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna og skulu seljendur annars vegar og kaupendur hins vegar greiða þessa fjárhæð að hálfu hvor.

2. gr.

Kaupendur loðnu til bræðslu skulu standa skil á greiðslum samkvæmt 1. gr. Hefur nefnd samkvæmt 2. gr. laga nr. 102/1972 á hendi innheimtu gjalds þessa og reikningshald. Verði í árslok afgangur af gjaldi þessu, er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að hann renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 31. desember 1972 um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. marz 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 86.

14. marz 1973.

SAMÞYKKT

**fyrir Vatnafélag Hlíðarhrepps og Tunguhrepps
í Norður-Múlasýslu.**

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag Hlíðarhrepps og Tunguhrepps. Heimili þess og varnarþing er Hlíðarhreppur og Tunguhreppur í Norður-Múlasýslu.